

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

### *Einholt-Pverholt.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarárfreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 11. apríl 2018, breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts. Í breytingunni felst að kvöð um gönguleið að Þverholti nyrst á reit E (lóð nr. 15 við Þverholt) er felld niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Sléttuvegur 25-27.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarárfreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 11. apríl 2018, breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 25-27 við Sléttuveg. Í breytingunni felst lækkun á gólfkóta. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Lyngháls 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. apríl 2018, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7 við Lyngháls. Í breytingunni felst m.a. hækkan á nýtingarhlutfalli lóðar, nýr byggingarreitur og aðkomum frá Lynghálsi er breytt. Heimilt verður að staðsetja ýmis óveruleg mannvirki utan byggingarreits og yfir hámarkshæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Hólmsheiðarvegur 151.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. apríl 2018, breytingu á deiliskipulagi á lóð Landsnets á Hólmsheiði, Hólmsheiðarvegur 151. Í breytingunni felst m.a. að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir geymsluhúsnæði, heimilt að girða bygginguna af og bílastæði verða færð til og þeim komið fyrir norðar á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. apríl 2018.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2018